



## 490. Stjórnarfundur haldinn 13. september. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Birgir Ingibergsson (BI)

### 1. Fundagerðir síðustu funda (488 og 499).

Farið yfir og samþykktar.

### 2. Innkomin bréf.

Tölvupóstur frá framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar v/boðs til aðalstjórnar á lokahóf deildarinnar.

**Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/tilnefningar til Hvatningarverðlauna UMFÍ. **Móttekið og kanna með knattspyrnuráð kvenna.**

Bréf frá knattspyrnudeild/unglingaráði v/ skammtímaláns. **Móttekið og samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að gana frá málinu.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/boðunar á 50. sambandsþing ásamt kjörbréfi. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/framboðs til formanns og stjórnar UMFÍ. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/skilafrest á tillögum um lagabreytingar á 50. sambandsþingi UMFÍ. **Móttekið.**

Afrit af bréfi frá knattspyrnudeild til íþróttaráðs v/æfingaaðstöðu. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/boðs á setningarathöfn unglingslandsmóts. **Móttekið. EH átti ekki tæk á að vera viðstaddur.**

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild/mfl.kvenna v/heimildar til áframhaldandi yfirdráttar í Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi að upphæð ein milljón króna. **Móttekið og samþykkt. Framkvæmdastjóra falið að gana frá málinu.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/umsókna fyrir 23. unglingslandsmót UMFÍ og 9. landsmót UMFÍ 50+. **Móttekið.**

Skinfaxi. **Móttekið.**

Göngum um Ísland. **Móttekið.**

### 3. Send bréf.

Bréf sent á Landsbanka Íslands Keflavíkurútibú bt. Högni Þórðarson v/ heimildar á yfirdrætti knattspyrnudeildar/mfl.kvenna.

Bréf sent á bæjarráð Reykjanesbæjar. Ósk um stöðugildi innan félagsins.

### 4. Unglingslandsmót UMFÍ.

Átján einstaklingar frá Keflavík tóku þátt á unglingslandsmóti UMFÍ sem haldið var á Egilstöðum. Frammistaða þeirra var mjög góð.

### 5. Landsmót UMFÍ 50+.

Fimm einstaklingar frá Keflavík tóku þátt á mótinu og kepptu í bridds.

### 6. 50. sambandsþing UMFÍ.

50. sambandsþing UMFÍ verður haldið á Egilstöðum 14. – 15. október. Keflavík á ellefu þingfulltrúa. Ákveðið er að fara með fullmannað lið og fara með flugi.

### 7. Tok bókhald- og launakerfi

Bókhalds- og launakerfi sem Keflavíkur hefur verið að nota er Tok. Nú hefur Advanía sem hýsir kerfið ákveðið að hætta að þjónusta það og far yfir í Microsoft Dynamics. EH og PMK falið að skoða málið hvað henti félaginu.





### **8. Kynningarfundur fyrir bæjarstjórn Reykjanesbæjar.**

EH, KG og PMK voru með kynningu á félaginu fyrir bæjarstjórn Reykjanesbæjar þriðjudaginn 12. september. Tíu bæjarstjórnarfulltrúar mættu ásamt bæjarstjóra. EH hélt stuttan inngang og sýndi síðan glærur og talaði með þeim. Nokkrar umræður urðu undir glærusýningunni.

Í lok fundar las EH bréf og afhenti síðan bæjarstjóra og formanni bæjarráðs bréfið. Verið var að óska eftir 1 ½ stöðu gildi innan félagsins af hálfu bæjarins. Bæjarfulltrúar þökkðu fyrir góða kynningu.

### **9. Önnur mál.**

Jólahlaðborð dagsetning 2. desember Grand hótél.

UMFÍ er að bjóða sambandsaðilum upp á CoreData skjalavistunarkerfi endurgjaldslaust. Auður Inga framkvæmdastjóri UMFÍ er að koma á morgun og kenna EH á kerfið sem síðan verður útvíkkað á deildir félagsins.

Á næstu mánuðum verður breyting á tölvupóstinum hvað varðar hýsingu. Erum væntanlega að fara yfir í Microsoft 365.

Næsti fundur 26. september kl. 18:00

Fundi slitið 19:10 Fundinn ritaði BS.

